

# „MAÐUR ER BARA SINN EIGIN SKAPARI“: STAÐBUNDIN STARFSTENGD SJÁLFSMYND ÍSLENSKRA UNGMENNA Í HNATTVÆDDUM HEIMI

Markmið rannsóknarinnar var að kanna upplifun íslenskra ungmenna af mótun eigin náms- og starfsferils í hnattvæddum heimi í því skyni að öðlast innsýn í starfstengda sjálfsmynd þeirra. Frásagnarnálgun McAdams (2015) var beitt þegar tekin voru viðtöl við sex 22 ára ungmenni. Niðurstöður sýna að marg- og síbreytileiki vinnu- markaðar, minna starfsöryggi og hverfult efnahagsástand veldur þátttakendum óvissu og óöryggi sem flækir starfsferilsþróun þeirra. Heimssýn þeirra er hnattræn en staðbundin menning er þó ríkjandi í starfstengdri sjálfsögu þeirra. Sagan byggist á hefðbundnum gildum fjölskyldu og nærsamfélags sem birtast í frásögnum af eigin vinnusemi, stundvísi, samskiptahæfni og mikilvægi tengslanets. Niðurstöðunum er ætlað að auka skilning á starfstengdri sjálfsmynd ungs fólks og áskorunum við mótun náms- og starfsferils í hnattvæddum heimi.

Efnisorð: íslensk ungmenni, starfstengd sjálfsmynd, sjálfs saga, hnattræn heimssýn, stað- bundin vinnuviðhorf

## INNGANGUR

Eitt helsta þroskaverkefni ungmenna er þróun sjálfsmyndar (Erikson, 1968). Einn þáttur í því er að móta sína leið í námi og starfi. Samhliða því að takast á við hlutverk og skuld- bindingar fullorðinsáranna kanna ungmenni mögulegar útgáfur sjálfsmyndar (Arnett, 2002). Samþætting sjálfs og umhverfis í gegnum persónulegar frásagnir er kjarninn í þessu þroskaferli (McAdams og Adler, 2006). Í því mótast meðal annars hugmyndin um það „hver maður er“ í tengslum við vinnumarkað, svokölluð starfstengd sjálfsmynd (e. vocational identity). Skýr starfstengd sjálfsmynd auðveldar einstaklingum að hafa stjórn á eigin starfsferli (e. agentic control) (Vondracek og Skorikov, 1997). Innihald starfstengdrar sjálfsmyndar endurspeglar menningarlegt samhengi og mótast af því enda er hún sameiginleg smíð (e. co-construction) félagslegs umhverfis (t.d. starfs, vinnumarkaðar,

félagslegra tengsla, stofnana, opinberra stefna og efnahagsástands) og eiginleika einstaklings (t.d. hæfni, gilda, áhuga og skoðana) (Porfeli, Lee og Vondracek, 2013).

Víðtækar og örur samfélagsbreytingar í kjölfar hnattvæðingar eru taldar hafa umtalsverð áhrif á þessa sálrænu þróun ungs fólks. Sem dæmi má nefna að samfélagsmiðlar birta stöðugt síbreytilega dægurmenningu og ímyndir sem ungmenni á mótunarskeiði samsama sig við eða greina sig frá á hverjum tíma (Arnett, 2002; Hartung, 2013; Jensen, Arnett og McKenzie, 2011). Mikið brotthvarf úr námi (Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Tannahäuser, 2011), hár útskriftaraldur (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014) og atvinnuleysi meðal ungs fólks (Hagstofa Íslands, 2009) bendir til þess að íslensk ungmenni geti átt erfitt með að móta farsæla starfstengda sjálfsmynd. Lítið er vitað um það hvaða merkingu þau leggja í vinnumarkað og sig sjálf í því samhengi. Markmið þessarar rannsóknar er því að öðlast innsýn í starfstengda sjálfsmynd íslenskra ungmenna með því að kanna upplifun þeirra af því að takast á við ný hlutverk tengd námi og störfum í hnattvæddum heimi.

## Starfstengd sjálfsmynd í hnattvæddum heimi

Í kjölfar hnattvæðingar hefur nýtt æviskeið verið skilgreint (Arnett, 2000). Aldurinn sem um ræðir er frá því um átján ára fram á miðjan þrítugsaldur og talað er um *ungmenni* (e. *emerging adults/adulthood*). Margbreytileiki og eins konar seinkun einkennir þetta æviskeið (Jensen o.fl., 2011; McLean, 2008; Schwartz, Côté og Arnett, 2005). Giftingaraldur fer hækkandi, fólk eignast fyrsta barn síðar en áður, menntunarstig eykst og náms-tími hefur lengst þar sem ungmenni kanna fleiri leiðir en áður (Arnett, 2002; McAdams og Pals, 2006). Í ljósi áhrifa fjölþjóðlegrar menningar á daglegt líf fólks er því jafnframt haldið fram að ungmenni geti upplifað eins konar misræmi í sjálfsmynd sinni (e. *identity-confusion, -crisis*) (Jensen o.fl., 2011; McAdams og Cox, 2010) og hafni jafnvel hefðum og gildum fjölskyldu og nærumhverfis við mótun sjálfsmyndar og starfsferils (Arnett, 2002; Jensen o.fl., 2011). Þetta hefur meðal annars verið talið stafa af því að merkingarbært umhverfi fólks (e. *habitus of meaning*) er nú fjölþættara og umfangsmeira en áður (Hannerz, 1996). Meint tvítyngi barna, íslenska og enska, gæti verið dæmi um þetta (Ásrún Jóhannsdóttir, 2018).

Víðtæk áhrif kapitalisma á starfsumhverfi fólks eru einnig talin valda því að á sama tíma og aukin áhersla er á hinn sjálfskapaða sjálfstæða einstakling upplifi fólk sig ekki við stjórnvölinn í eigin lífi (sjá t.d. Giddens, 1991; Polkinghorne, 2004). Þörfin fyrir skýra sjálfsmynd hefur því kannski aldrei verið brýnni (Hammack, 2008; Savickas, 2011b) og er talin „ein helsta sálræna afleiðing hnattvæðingar“ (Arnett, 2002, bls. 777, íslensk þýðing greinarhöfunda). Auk framangreindra áhrifa hnattvæðingar hefur starfsöryggi minnkað. Fólk skiptir oftar um störf og fyrirtæki og stofnanir bjóða síður fyrirfram mótaðar leiðir til starfsþróunar en áður var (Savickas, 2011a). Því er skýr sjálfsmynd, svo sem þekking á eigin gildum og markmiðum, mikilvæg við stjórn eigin starfsferils.

Breytt heimsmynd hefur haft mikil áhrif á náms- og starfsval ungmenna (McAdams, 2015). Á Íslandi eru nú um 100 námsleiðir á framhaldsskólastigi (Stjórnarráð Íslands, e.d.) og sjö háskólar sem bjóða hundruð námsleiða. Ofgnótt meintra valkosta samkvæmt Schwartz (2000) og fjölþjóðleg menningaráhrif (McAdams og Pals, 2006) eru talingeta valdið

kvíða, þunglyndi og stefnuleysi meðal ungmenna (Law, Meijers og Wijers, 2002; Rannsóknir og greining, 2016; Schwartz, 2000). Komið hefur í ljós að íslensk ungmenni telja sig upplifa togstreitu vegna margra valmöguleika og eins vegna skorts á aðgengi að upplýsingum um nám og störf (Abrams o.fl., 2013). Athuganir á námsvali íslenskra ungmenna við lok grunnskóla sýna að það er oft lítt ígrundað og ræðst helst af væntingum til félagslífs. Sem dæmi má nefna velja um 70% íslenskra ungmenna bóknám þó að um 51% tjái áhuga á verklegu námi (Svanhildur Svavarsdóttir, 2010), og þeir sem velja bóknám eru óákveðnari og þar af leiðandi minna skuldbundnir námi sínu en þeir sem velja verknám (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013). Afleiðingar óígrundaðs vals og brotthvarfs úr námi eru neikvæðar og ekki aðeins persónulega óhagkvæmar (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002) heldur einnig þjóðhagslega (OECD, 2004).

Lítill skuldbinding framhaldsskólanema sem hverfa frá námi (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2012) bendir mögulega til sjálfsmýndarvanda. Brotthvarf úr íslenskum háskólum er einnig að líkindum meira hér en víða erlendis (Ríkisendurskoðun, 2007) og getur haft neikvæð áhrif á trú á eigin getu (e. self-efficacy) í námi, stöðu á vinnu-markaði, almenna sjálfsmýnd og líðan (Hrafnhildur V. Kjartansdóttir, Kristjana Stella Blöndal og Sif Einarsdóttir, 2011). Ljóst er að mótun náms- og starfsferils ungmenna er flókið verkefni nú sem endranær. Mikilvægt er að beita fjölbreyttum aðferðum við að skoða hvaða áskoranir ungmenni upplifa í því sambandi.

Með því að skoða persónulegar frásagnir (e. life stories) má öðlast skilning á því hvernig einstaklingur mótir sjálfsmýnd sína smám saman samhliða því að takast á við ýmis félagsleg hlutverk á lífsleiðinni (McAdams og Pals, 2006; Porfeli, o.fl., 2013; Savickas, 2011b). Því hafa starfsþróunarfræðin (e. vocational psychology, career development) í auknum mæli snúið sér að frásagnaraðferðum (Hartung, 2013), þá aðallega í náms- og starfsráðgjöf (sjá t.d. Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur og Torfa H. Tulinius, 2009, 2016; Guichard, Pouyaud, Calan, og Dumora, 2012; Lengelle, Meijers, Poell og Post, 2013; Savickas, 2005, 2011a) en í minna mæli í rannsóknum á starfstengdri sjálfsmýnd ungmenna.

## Sjálfsagan

Aðferðir í rannsóknum og ráðgjöf þar sem unnið er með starfstengdar frásagnir eru byggðar á fjölbreyttri hugmyndafræði. Í þessari rannsókn er litið til kenningar McAdams (2015) um þróun persónuleikans (e. theory of personality development) og sjálfssöguna (e. narrative identity). Kenningin gerir ráð fyrir því að persónuleikinn samanstandi af og verði til í þremur lögum yfir æviskeiðið. Fyrsta lagið er persónueiginleikar (e. dispositional traits, the big five), t.d. úthverfa, samviskusemi o.s.frv. Annað er persónubundin aðlögun að breytilegu umhverfi, (e. characteristic adaptation), t.d. trú á eigin getu, gildi, aðlögunarhæfni og áhugi, sem eru lykilhugtök í starfsþróunarfræðum og grunnurinn að náms- og starfsráðgjöf. Þriðja svið persónuleikans er svo nýmæli McAdams; *sambættandi sjálfssaga* (e. integrative narrative identity).

Sjálfssagan er goðsaga sjálfins (McAdams, 1993, 2015), saga sem útskýrir hvernig einstaklingur varð sá sem hún eða hann er og hvers vegna tiltekin stefna er tekin inn í framtíðina. Sagan verður til innra með einstaklingnum við samtöl og samskipti. Höfundur

sjálfssögunnar (e. self as author) miðar sig og lífshlaup sitt við hið viðtekna í menningunni og segir sögu sem skýrir hvers vegna eigið líf hefur þróast eins og raun ber vitni. Eftir því sem ævinni vindur fram fléttast einstakir atburðir inn í söguna og fá þá úrvinnslu sem höfundi hugnast til að þroskast, milda erfiðleika og móta stefnuna áfram. Þessi sífellda smíð sögunnar gengur út á *sálfélagslega samþættun sjálfs og umhverfis* (e. psychosocial integration) svo úr verður mildandi skýringarsaga (McAdams, 2015).

Sagan þjónar þörfum höfunda, sem samhliða því að máta sig við ýmis fullorðinshlutverk á unglingsaldri taka að raða saman og túlka valdar minningar (e. self-defining memories) og æviatburði í því skyni að ljá lífi sínu samfellu (e. unity) og merkingu (McAdams og Olson, 2010). Þessi saga tvinnar saman áðurnefnd lög persónuleikans og vinnur með endursagða fortíð, skynjaða nútíð og vænta framtíð (McAdams, 2006, 2015). Sjálfssagan er því persónubundin en lýtur almennu lögmáli (McAdams, 2008, sjá nánar á bls. 243–248):

Sjálfssagan er frásagnargert sjálf (e. storied self) – *égið* segir söguna um *mig*. Sjálfævisögulegar minningar eru valdar af hentugleika í takt við tímabundin þroskaverkefni sjálfsins. Sagan *sættir* hlutverk, hugmyndir og markmið sjálfsins innbyrðis en sömuleiðis sjálf og samfélag. Hún tekur sífellt mið af nýrri lífsreynslu og ytri aðstæðum. Þannig endurspeglar sagan samfélag sögumanns um leið og hún skýrir hvernig og hvers vegna einstaklingur fer sína leið í lífinu. Ef þurfa þykir má umsemja söguna og leiðréttastefnumiðið. (Íslensk þýðing og samantekt greinarhöfunda)

Sjálfssagan er þannig tímabundin hugsmíð í mótun allt æviskeiðið (McAdams, 2015; McLean, 2008; McLean og Pratt, 2006). Hana má skoða á margan hátt, s.s. formgerð hennar, innihald og þemu. Innihald starfstengdrar sjálfsmýndar ungmenna hefur lítið verið skoðað (Porfeli o.fl., 2013) og því engin ein aðferð sem mælt hefur verið með af mörgum aðferðum þar sem frásagnir eru notaðar. Þrjár meginástæður eru fyrir því að ákveðið var að styðjast við kenningu McAdams (2015) í þessari rannsókn. Í fyrsta lagi hefur verið bent á (Rottinghaus og Miller, 2013) að líkan hans samtvisni þá persónubundnu þætti (t.d. áhuga, gildi og hæfni) sem eru taldir hafa áhrif á starfstengda hegðun samkvæmt helstu starfsþróunarkenningum. Í öðru lagi byggist nýleg og leiðandi kenning Savickas (e. career construction theory) í starfsþróunarfræðum um beitingu frásagnar í náms- og starfsráðgjöf að nokkru á hugmyndum McAdams (sjá t.d. Savickas, 2011a, 2013). Því er nærtækt að leita í þann bakgrunn þegar starfstengd sjálfsmýnd er skoðuð. Í þriðja lagi má gera ráð fyrir að margreyndar aðferðir í rannsóknum á sjálfssögum almennt (McAdams, 1993, 2015) geti nýst til að rýna í starfstengdar frásagnir.

## Viðfangsefni rannsóknarinnar

Með þessari rannsókn var reynt að fá fram upplifun íslenskra ungmenna sem fást við mótun eigin náms- og starfsferils í því skyni að öðlast innsýn í starfstengdar sjálfshugmyndir þeirra. Hún er ólík fyrri rannsóknum á náms- og starfsferli íslenskra ungmenna þar sem markvisst er leitað eftir sjálfævisögulegum minningum auk reynslu frekar en að unnið sé með fyrirfram ákveðnar hugsmíðar. Samþættingin sem einkennir sjálfssögu McAdams (2015) dregur fram persónubundnar skýringar fólks á lífshlaupi sínu og endurspeglar einnig menningu og tíðaranda (Hammack, 2008; McAdams og Pals, 2006; McLean, 2008). Hér er sjálfssaga þátttakenda notuð til að svara þremur meginspurningum.

Í fyrsta lagi hvernig þátttakendur upplifa að hnattvæðingin hafi haft áhrif á mótun náms- og starfsferils þeirra. Gert var ráð fyrir að það kæmi fram í frásögnunum enda talið að áhrif hnattvæðingar valdi misræmi í sjálfsmynd ungmenna þegar þau takast á við helstu þroskaverkefni (sjá t.d. Jensen o.fl., 2011). Í öðru lagi var spurt hvernig staðbundin menning birtist í starfstengdri sjálfsmynd þeirra. Sömuleiðis var gengið út frá því að ýmsir þættir staðbundinnar menningar yrðu sýnilegir í ljósi t.d. hugmynda um áhrif fyrirmynda á starfsþróun ungmenna (Savickas, 2011a). Í þriðja lagi, þar sem ómarkvisst námsval, brott-hvarf úr námi og skortur á skuldbindingu einkennir íslensk ungmenni (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013) var leitað svara við því hvaða áskoranir við mótun náms- og starfsferils þau teldu sig upplifa.

## AÐFERÐ

### Þátttakendur

Rætt var við sex 22 ára ungmenni fædd 1990, fjórar konur og tvo karla. Þátttakendur voru valdir með breytileikaúrtaki (e. maximum variation sample) (Creswell, 2007) úr handa-hófsúrtaki 485 grunnskólanema sem notað var við stöðlun áhugakönnunar árið 2006 (Sif Einarsdóttir og Rounds, 2013). Breytileikinn fólst í því að valdir voru viðmælendur sem reyndust hafa ólík framtíðarmarkmið (e. major life goals). Sumir þeirra sögðu efnahagslega velsæld mikilvægt markmið, en aðrir velgengni í námi eða velferð annarra (sjá nánar hjá Katrínu Ósk Eyjólfsdóttur, 2012; Roberts og Robins, 2000). Vonast var til að úrtakið myndi þannig gefa fjölbreyttan hóp þátttakenda. Tuttugu þátttakendur voru dregnir út og þeim boðin þátttaka. Sex svöruðu kalli og var þeim sent stutt kynningarbréf um tilgang og viðfangsefni rannsóknarinnar (Kvale og Brinkmann, 2009). Ýmsum staðreyndum hefur verið breytt til að tryggja trúnað. Viðmælendur fengu dulnefnin Anna, Erla, Guðrún, Hjalti, Kolbeinn og Sigríður. Öll eru þau í skóla, fjögur á framhaldsskólastigi og tvö í háskóla. Þau vinna með námi og eru öll nema eitt í sambandi. Ekkert þeirra á börn og fjögur eru flutt úr foreldrahúsum.

### Gagnaöflun og greining

Rannsóknin er byggð á hálfopnum einstaklingsviðtölum (e. semi-standardized) (Berg, 2009) sem tekin voru í maí 2012. Þátttakendum var heitið trúnaði að fengnu upplýstu samþykki þeirra. Hvert viðtal tók 90–120 mínútur. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð og athugasemdir og vettvangsnótur rannsakanda skráðar jafnóðum. Stuðst var við tvíþætta viðtalsramma, annars vegar aðferð McAdams (e. life-story interview) (1993) og hins vegar almennar spurningar um náms- og starfsferil, búsetu, fjölskylduhagi o.fl. Beðið var um frásagnir af atburðum eða upplifunum sem viðkomandi teldi vera eins konar hápunkt (e. high point), lágpunkt (e. low point) eða vendipunktur (e. turning point) í eigin lífi (McAdams, 1993, 2015). Viðmælendur voru jafnframt beðnir að hafa sérstaklega í huga hvort þeir teldu að þessir atburðir hefðu hugsanlega haft einhver áhrif á náms- og starfsferil þeirra. Þar sem sjálfsævisögulegar minningar eru jafnan valdar eftir hentugleika í takt við tímabundin þroskaverkefni sjálfsins var gert ráð fyrir að þessi nálgun gæti gefið nokkra innsýn í glímu þátttakenda við þróun starfstengdrar sjálfsmyndar.

Greiningaraðferðum grundaðrar kenningar (e. grounded theory) var beitt (Berg, 2009; Creswell, 2007) enda sterk hefð fyrir því í frásagnarnálgunum almennt sem og í nálgun McAdams (McAdams og Olson, 2010; McAdams og Pals, 2006; Smith og Sparkes, 2006). Aðferðin á sérstaklega vel við þar sem megintilgangurinn er að greina sameiginleg þemu eða innihald sjálfsmyndar í persónulegum frásögnum (McAdams og Pals, 2006; Smith og Sparkes, 2006). Aðferðin rennir almennt styrkari stoðum undir persónuleg gögn á borð við viðtöl (Creswell, 2007) og eykur á réttmæti og áreiðanleika eigindlegra rannsókna (Berg, 2009). Í þeim tilgangi var frumgreining gagna, svokallaður sífelldur samanburður (e. constant comparative method), notuð á milli viðtala, en þá er skimað eftir líklegum yfirþemum og gætt að hvort réttmæti viðtalsramma standist í ljósi markmiða rannsóknar. Í kjölfarið voru áherslur rannsóknarinnar og viðtalsrammans endurskoðaðar í því skyni að nálgast fræðilega mettnun (Charmaz, 2006). Kóðun fór fram samhliða gagnasöfnun og að henni lokinni. Kóðunin var annars vegar opin leit að yfirþemum (e. initial coding) og hins vegar markviss frekari greining út frá þeim yfirþemum sem fundust (e. focused coding) (Charmaz, 2006).

Tekið skal fram að gögnin greina aðeins frá viðhorfum þess fámenna hóps sem talað var við og gefa ekki tilefni til alhæfinga um aðstæður ungs fólks á Íslandi.

## NIÐURSTÖÐUR

Markmið rannsóknarinnar var að öðlast innsýn í starfstengda sjálfsmynd íslenskra ungmenna í ljósi aukinnar hnattvæðingar og áhrifa nærsamfélags með því að kanna upplifun og áskoranir þátttakenda við mótun eigin náms- og starfsferils. Í niðurstöðum birtust tvö yfirþemu. Í fyrsta lagi hvernig hnattvæðing endurspeglar í viðhorfum þátttakenda til samtímans og eigin starfsþróunar, eins konar *heimssýn*. Þar kemur fram togstreita ungmennanna milli hins staðbundna, sem virðist ekki vera eins tryggt og áður, og þess hnattræna, sem er flókið og ógnandi en felur í sér tækifæri. Í öðru lagi verður greint frá nokkrum þáttum staðbundinnar menningar sem reyndust einkenna *starfstengdar sjálfssögur*. Þar bar hæst kunnugleg vinnuviðhorf, svo sem mikilvægi dugnaðar og tengslanets, en einnig mótsagnakenndar hugmyndir um nauðsyn menntunar, sem og þjóðlega forlagatrú.

## Heimssýn

Í hugmyndum þátttakenda um samtímann, samfélagið og heiminn má greina nokkuð skýran samhljóð. Í grófum dráttum birta frásagnir þeirra þrjú undirþemu: *breyttan heim* og svo *flókinn* að það er svolítið ógnvekjandi en til allrar hamingju heim sem er *fullur af tækifærum*.

Samgöngur og tækni hafa breytt veröldinni. Netíð er „búið að gjörbreyta samskiptum og heiminum“. „Núna fer fólk um allan heiminn í skóla og vinnu, þetta er allt önnur veröld.“ Tilvist þeirra einskorðast ekki lengur við heimalandið og Erla vill meina að því sé „dálítið erfitt að staðsetja sig, maður er Íslendingur en svo er maður líka með tengsl í önnur lönd, maður tilheyrir ekkert endilega bara einum stað“.

Námsval er viðmælendum hugleikið og þeir eru sammála um að kröfur um menntun séu meiri nú en áður. Þeir telja að foreldrar þeirra hafi getað farið að vinna og lifað góðu

lífi strax eftir grunnskólann en nú verði fólk að mennta sig. Hjalti segir: „Þetta er ekkert eins og þegar mamma og pabbi voru ung, þetta er mjög flókinn heimur í dag.“ Anna talar líka um hvað allt sé breytt og segir „svo rosalega margt í boði“. Heimur þátttakenda er flókinn og gerir þeim erfitt fyrir að fylgja eigin áhuga og sannfæringu við náms- og starfsval. Í frásögn Kolbeins er augljóst að það er kannski allra helst síbreytileiki sem flækir stöðuna:

Það eru alveg hrikalega margar brautir. Svakalega mikið sem maður þarf að þæla í þarna sextán, sautján. Maður veit ekkert hvort maður er á réttri braut. Ég bara hætti. Ég vissi ekkert hvað væri gott að læra núna sem myndi borga sig eftir x mörg ár. Þó ég sé alveg með stefnu núna þá er þetta samt svo fljótt að breytast. Það sem var eftirsótt fyrir fimm árum er ekkert eftirsótt í dag og eftir fimm ár er kannski eitthvað allt annað.

Þráður óvissu og undirliggjandi ógnar spinnur sig þannig í gegnum frásagnirnar. Ógnin felst í ótryggu ástandi í síbreytilegum heimi. Ungmennin nota orðið „heimsástand“ þegar þau ræða áhyggjur sínar af efnahags- og atvinnumálum. Hjalti staðsetur ógnina í hæfilegri fjarlægð þegar hann segir: „Maður horfir á fréttirnar og þetta er bara allt dauði og djöfull með heimsástandið og atvinnumál. Samt eru allir sem ég þekki með vinnu.“ Guðrún upplifir aftur á móti nálæga ógn þegar hún segir að þetta sé „allt svolítið ógnvekjandi. Í fyrsta skipti er til dæmis alvöru atvinnuleysi á Íslandi.“ Hún lýsir einnig áhyggjum af breytingum á samfélagsgerðinni, að allt sé „dálítið sundurlaust, sérstaklega núna eftir fallið [Hrunið] þá er þetta búið að vera að skiptast svona svolítið meira upp á milli stétta“. Kolbeinn segist hafa orðið þess áskynja að maður sé „ekkert lengur öruggur með vinnu á Íslandi,“ það sé stöðugt verið að „sækja á landið“ og maður viti ekki hvað er „ekta“ lengur.

Ógnin kemur að utan og snýr að framtíðaráformum þeirra. Þau lýsa því hversu erfitt og flókið sé að taka ákvarðanir. Það er ekkert fast í hendi, þau telja sig ekki hafa „stjórn á neinu“ segir Hjalti:

Ég hugsa mikið um hvað sé best að gera og á meðan ég hugsa eru bara fullt af breytingum. Það sem ég byrjaði á skiptir eiginlega engu máli núna. Það er enginn markaður fyrir það, skilurðu. Ef ég er fjögur ár að læra þá veit maður ekkert hvað er í gangi þegar það er búið, hvort það er komin önnur kreppa kannski eða bara einhver umbylting.

Hin breytta, flókna og ógnandi heimsmynd viðmælenda á sér aðra og jákvæðari hlið. Sú snýst um að virkja eigin framtakssemi og sköpunarkraft því „tækifærin eru út um allt“. Erla skefur ekki utan af því og segir: „Þetta er eiginlega bara alveg stórkostlegur heimur! Hann er svo stór og það er svo mikið í boði.“ Tækifærin eru í útlöndum. Meðal þess sem þátttakendur nefna er erlent tengslanet, skiptinám og au-pair-vinna. Þeir leggja mikla áherslu á mikilvægi tungumálakunnáttu til að nýta möguleika sína og enskan er þar talin mikilvægust. Öll segja þau frá jákvæðum atburðum tengdum því að geta tjáð sig á öðru tungumáli.

Heimurinn er sviðið. Tungumálin eru „lykill að heiminum“ og fólk getur „menntað sig hvar sem er í heiminum út af enskunni“. Tækifærin bíða og framtakssemi er lyklatríði. Flest segjast þau tilbúin til að stunda nám og jafnvel starfa erlendis. „Út af hnattvæðingunni er búið að samræma nám,“ enskan gengur alls staðar og fólk „getur bara farið þangað sem möguleikarnir eru eftir hvaða tímabil er“.



Ég held að allar þessar breytingar sem komu með hnattvæðingunni eigi eftir að hafa alveg mjög góð áhrif á minn feril. Það liggur við að allir skilji mann hvar sem er í heiminum sem opnar alveg helling af dyrum. Það er samt alveg þínu scary að þurfa að velja úr öllu þessu en maður er búinn að kynnast alveg fullt af fólki líka. Mér finnst þetta [hnattvæðingin] hafa opnað heiminn svo ótrúlega fyrir okkur og maður hefur svo ótrúlega mörg tækifæri núna og er ekki lengur fastur á litla Íslandi.

Það er Erla sem á lokaorðin um sýn þátttakenda á heim sem er fullur af tækifærum. Úrval námsleiða er mikið, bæði innanlands og utan, sem unga fólkið telur að það hafi aðgang að með tungumála- og tæknikunnáttu sinni. En um leið er upplifun þeirra sú að vegna þess hve síbreytilegur og óáreiðanlegur þessi heimur er sé það flókið að velja sér leið.

## Starfstengd sjálfssaga

Starfstengd sjálfssaga er undir sterkum áhrifum staðbundinnar menningar. Þar segir af viðhorfum þátttakenda til eigin vinnu-sjálfs, samfélags, námsumhverfis og vinnumarkaðar. Þeim er núverandi staða sín á vinnumarkaði helst hugleikin, frekar en menntun og framtíðarferill. Þar má greina þrjú undirþemu. Í fyrsta lagi hugmyndir viðmælenda um sig sem *fina starfskrafta*. Í annan stað upplifun þeirra á *sturluðum vinnumarkaði*. Þriðja þemað birtir svo mildandi samþættun sjálfs og aðstæðna – *þetta reddast*.

Ungmennin hafa verið nokkuð leitandi á náms- og starfsferli sínum. Þau eru 22 ára, tvö stunda nám á háskólastigi, hin fjögur eru á framhaldsskólastigi. Aðeins eitt þeirra veit með vissu hvert stefnt er með núverandi námi. Hin hafa í raun fremur óljós framtíðaráform og hafa margsinnis skipt um stefnu til þessa. Þau hafa unnið störf sem nærumhverfið bauð hverju sinni, burtséð frá áhugasviði eða færni. Störfin eru helst á sviði þjónustu og iðnaðar og krefjast lítillar menntunar eða sérhæfingar, eins og búast má við þegar tillit er tekið til aldurs þátttakenda. Annað, næsta óvænt, kom einnig fram: þrjú af sex hafa unnið nokkuð lengi á sama vinnustað, allt að sjö ár. Sömuleiðis hafa tveir viðmælendur haft með höndum ágætlega launuð stjórnunarstörf.

Viðmælendur lýsa sjálfum sér og sínum nánustu ættingjum og vinum sem happa-feng hverjum vel meinandi atvinnurekanda. Ákjósanlegir starfstengdir eiginleikar sem þau nefna eru: dugnaður, samvirkusemi, stundvísi, góð mæting, reglusemi, lítil veikinda-forföll, frumkvæði, röggsemi, glaðlyndi, hæfni í mannlegum samskiptum og kurteisi. Það vakti athygli að viðeigandi þekking eða menntun var hvergi beinlínis nefnd í þessu sambandi.

Reglusemi og heiðarleiki eru lykilatriði og fjölskyldan er sterk fyrirmynd hvað varðar heppilega starfshegðun. Erla segir að það sé „issue“ í sinni fjölskyldu að vera „duglegur og sjálfstæður“. Þessu til stuðnings nefnir hún að þær systur hafi „aldrei verið atvinnulausar einn einasta dag“. Kolbeinn telur dugnað skipta sköpum á vinnumarkaði og segist sjálfur vera „fínn starfskraftur“. Í frásögn hans birtist sú viðtekna skoðun viðmælenda að dugnaður, heilindi og samskiptahæfni taki menntun og sértækri þekkingu fram að flestu leyti.

Mótsagnakenndar hugmyndir ungmennanna um vinnumarkað og atvinnuframboð á Íslandi eru áhugaverðar. Þau telja að raunverulegt atvinnuleysi sé óverulegt á Íslandi. Þau lýsa því af ákefð að „þeir sem vilji vinna geti alltaf fengið vinnu“, atvinnulausir „Íslendingar nenni ekki að vinna“ eða „vilji ekki vinna hvað sem er“. Hjalti segist hafa heyrt „frá



atvinnuleysisstofnunum að það séu margir að misnota þetta kerfi“. Líklega fer frásögn Önnu ansi langt með að lýsa efasemdum viðmælenda um atvinnuleysið:

Nei, ég held að það sé eitthvað sem líður hjá. Fólk sem er atvinnulaust er í rauninni atvinnulaust af vali en ekki neyð. Eins og þegar Víkurprjón ætlaði að opna prjónastofu á Suðurnesjum. Það sóttu tíu manns um. Það eru þúsund manns á skrá. Þetta er bara fólk sem nennir ekki að vinna. Ég get ekki sagt að ég þekki það í kringum mig. Bróðir minn er nýútskrifaður úr háskóla og hann gekk beint inn í starf. Hann hefur sýnt dugnað. Eins pabbi, hann er búinn að vinna í meira en tuttugu ár hjá sama fyrirtækinu af því að hann er aldrei með veikindadaga.

Þau efast sem sagt í öðru orðinu um að atvinnuleysi sé raunverulegt vandamál en í hinu tala þau um að erfitt sé að fá vinnu núna og „eiginlega bara vitlaust að vera að kvarta yfir að vinna sé léleg núna ef maður er svo heppinn að hafa vinnu“.

Viðhorf til mikilvægis menntunar á vinnumarkaði eru sömuleiðis mótsagnakennd. Eins og áður segir var menntun eða sérþekking ekki nefnd meðal ákjósanlegra starfstengdra eiginleika en samt eru ungmennin sammála um að það sé „ekkert vit í öðru en að mennta sig“. Menntun er það sem þau telja öll að muni líklega fleyta þeim einna lengst, ásamt áðurnefndum mannkostum. Tvö segja þó einnig frá fólk sem hefur komið ár sinni vel fyrir borð þrátt fyrir skort á menntun. Bæði tala um „dugnað og þrautseigu“ hjá þessu fólk. Þannig slá þau dálítið í og úr eftir hentugleika. Erla er þó ekki í vafa um mikilvægi menntunar og frásögn hennar birtir einnig hugmyndir um mikilvægi vinnunnar í mótun sjálfsmýndar:

Ég get alveg talað um vinnumarkaðinn sem erfiðan fyrir fólk sem hefur ekki menntað sig neitt. Það er ekki bara háskóli, þú veist, bara að vera eitthvað er svo ótrúlega mikilvægt núna – ég er smiður, ég er lögfræðingur, fiskisérfræðingur. Það er virðing að vera eitthvað.

Ungmennunum virðist klíka og heppni vera ráðandi á íslenskum vinnumarkaði. Þau segja að fyrirtæki auglýsi ekki heldur spyrjist fyrir og ráði vini og vandamenn. Sigríður sveiflast á milli örlagatrúar og trúar á eigin frumkvæði í þessu sambandi:

Ég sé þetta sem baráttuvöll í dag, kunningsskapur og hreint og beint jungle-stemning. Lausnin hjá mörgum er menntun. Ég held að það sé mest heppni að fá vinnu núna, þú veist, detta niður á eitthvað, vera á réttum tíma. Það er mikil pressa og samkeppni um almennileg störf. Það eina sem er hægt að gera í þessari þróun er að taka þátt í henni. Ég ætla að vera á tánum í tækninni. Annars lendir maður bara undir.

Hér gætir togstreitu milli vinnu-sjálfs og umhverfis. Þær mótsagnir að menntun tryggi aðgang að störfum og góðri framtíð en svo aftur á móti að mikil klíka ríki á vinnumarkaði og heppni sé áhrifaþáttur eru sömuleiðis til marks um óöryggi eða efasemdir um eigin stöðu. „Þetta er alveg sturlaður vinnumarkaður.“ En mótlætið er ýmist tímabundið, óverulegt eða þörf lexía.

Ég held að það geri bara fólkinu gott, þetta tímabil með smá atvinnuleysi og baráttu. Ef maður lærir af erfiðleikum þá er það bara gott mál. Þeir sem standa sig vel og eru duglegir og mæta og allt svoleiðis þurfa ekkert að vera stressaðir.

Mótsagnir í frásögnum þátttakenda sýna einnig ákveðna togstreitu á milli þess sem þau óttast og þess sem þau þarfnast. Eins og Anna segir þá „þarf maður peninga en maður myndi alveg vinna í góðum starfsanda þó að peningarnir séu ekki þar“. Ótal athugasemdir komu fram þessu samhljóða. Ungmennin tala öll um nauðsyn þess að fá vel borgað en flest skipta þau svo um skoðun síðar og segjast myndu „vinna hvað sem er“. Sagan tekur sem sagt á sig þá mynd sem sögumenn vilja og þarfnast og atburðarásin miðar að góðum endi. „Þeir sem að fylgja sínu, já, eða eru bara heiðarlegar manneskjur og þrautseigar, málin ganga upp hjá þeim.“ Erla bendir á að „maður aðlagar sig bara“.

Skýrt kemur fram að þau telja að framtíðin sé fyrst og fremst undir þeim sjálfum komin. Þau treysta á að þar muni eigið ágæti og sjálfsbjargarviðleitni duga. Um þetta segir Hjalti til dæmis:

Það er fullt verið að gera fyrir fólk en maður þarf náttúrulega að gera eitthvað sjálfur. Maður bjargar sér alltaf ef maður er með heiðarleika og er kurteis og góður við náungann og gerir hlutina sjálfur. Þetta reddast! ... kreppa my ass, það er allt í boði!

Hér má enn og aftur sjá mildandi samþættun sjálfssögunnar og áhrif staðbundinnar menningar. Guðrún segir á svipuðum nótum að ef fólk vill vinna og er „með dugnaðinn og samböndin“ þá fái það alltaf eitthvað að gera. Í þessu örlar enn og aftur á þeirri mót-sögn að bjargast á eigin forsendum en komast um leið ekki af án kunningjasamfélagsins. Mótsögnin vísar sjálfsgött til raunsæis í þessum efnum, þ.e. að enginn er eyland. Sagan er alltént góð og gefur tilfinningu fyrir stjórn og valdi í misvísandi aðstæðum, en eins og fram kemur í heimssýn þátttakenda er tilfinning fyrir skorti á valdi eitt af því sem mótar við-horf þeirra og feril. Þá er það alltaf trúin á sjálfan sig og eigin framtakssemi sem er lausn á hverjum vanda. Þetta veit Anna, sem segist treysta á sjálfa sig og fái hún ekki vinnu hér þá sé „allur heimurinn eftir“. Erla tjáir sig af ákefð um það sama og segir: „Maður er bara sinn eigin skapari!“

Þessi samþætting jákvæðra eiginleika og ótryggs umhverfis sem hefur verið fjallað um hér í síðari hluta niðurstaðna virðist vera leið til að draga úr því sem veldur áhyggjum og ýta undir það sem er jákvætt og getur komið til bjargar. Þannig segja ungmennin söguna af því hvernig dugnaður, samvirkusemi, þrautseigja og fleiri góðir kostir trompa í raun erfiðleika. Þau segja rannsakanda og sjálfum sér söguna af því hvernig það að vera heill í sínu muni koma þeim í örugga höfn. Það er sagan sem þau þurfa að heyra.

## UMRÆÐA

Tvö meginþemu niðurstaðna, heimssýn og starfstengd sjálfssaga, sýna, líkt og búist var við, að bæði hnattvæðing og staðbundin menning hafa átt þátt í að móta sjálfshugmyndir þátttakenda sem og náms- og starfsferil þeirra til þessa. Hnattvæðing og aðstæður á vinnumarkaði valda óöryggi og togstreitu milli sjálfs og samfélags viðmælenda. Stað-bundin starfstengd sjálfssaga þeirra miðar hins vegar að því að samþætta sjálf og sam-félag og draga þannig úr þessari spennu.

Áhrif hnattvæðingar; síbreyti- og hverfuleiki menningar, efnahagslífs og vinnu-markaðar, eru áberandi í frásögnum þátttakenda. Þeir lýsa breyttum heimi sem býður

ungmennum tækifæri en í aðstæðum sem eru í senn flóknar og ógnvekjandi. Togstreita vegna yfirstandandi mótunar sjálfsmyndar er greinileg. Ungmennin eru hikandi við að taka ákvarðanir um líf, nám og störf. Aukið val og flóknar, síbreytilegar ytri aðstæður hafa þar mikið að segja (Law o.fl., 2002; Schwartz, 2000). Ungmennin eru órugg um hvaða leið sé „rétt“ að velja og efasemdir um að tiltekið nám muni „borga sig“ eru áberandi. Fjögur af sex eru enn í framhaldsskóla og aðeins eitt stefnir að tilteknu starfi og stundar nám í samræmi við það. Flest hafa skipt um stefnu í námi, jafnvel ítrekað, þrátt fyrir ungan aldur, og fimm þeirra stunda hefðbundið bóknám þó að helmingur hópsins sem er hér til umræðu lýsi áhuga á list- og starfsmenntun, líkt og áður hefur komið fram í rannsóknum á brotthvarfi og námsvali íslenskra ungmenna (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013). Þarna má sjá mótsögnina í annars vegar hugmyndum þeirra um að menntun sé almennt lykkill að velgengni á vinnumarkaði og hins vegar í því hve ómarkvisst námsval þeirra hefur verið.

Ungmenni telja yfirleitt að samræmi á milli áhuga og starfsvettvangs sé mikilvæg forsenda starfsánægju og velgengni (Roberts, O'Donnell og Robins, 2004). Svo var einnig meðal viðmælenda sem hér var rætt við. Þeir upplifðu sig vanmáttuga gagnvart því að áhugi gæti þurft að víkja fyrir brauðstriti, persónulegum annmörkum eða síbreytilegum vinnumarkaði. Meðal annars vegna þessa virðast þátttakendur eiga í nokkrum erfiðleikum með að móta feril sinn, sérstaklega ef litið er til þess hversu óvissir þeir eru þegar kemur að námsvali.

Viðmælendur telja menntun og tungumálakunnáttu lykil að tækifærum heimsins en eru einnig sannfærðir um möguleika á velgengni án menntunar. Þessi mótsögn er áhuga-verð. Viðhorf staðbundinnar menningar birtast hér með skýrum og óvæntum hætti. Jafnvel þó heimssýn þeirra gefi til kynna að þau líti á heiminn sem sitt atvinnusvæði, þar sem tækifærin bjóðast, virðist sem fjölskyldugildi standi þeim næst og séu ráðandi þáttur í starfstengdri sjálfsmynd þeirra og sögu. Reynslan heima fyrir hefur að sögn kennt þeim að dugnaður, heiðarleiki og kunningjasamfélag hafi í gegnum tíðina getað komið í stað menntunar og sérþekkingar. Þessi viðhorf kunna að skýra það að þó að þátttakendur hafi 16 ára gamlir (Katrín Ósk Eyjólfsdóttir, 2012) mælst með skýr framtíðarmarkmið er athyglisvert hversu ómarkvisst flestir þeirra hafa nálgast eitt helsta viðfangsefni ungmenna, að marka sér stefnu í lífi og starfi (Arnett, 2002). Lítt mótuð starfstengd sjálfsmynd kann einnig að vera skýringin en skýr starfstengd sjálfsmynd er talin forsenda þess að hafa góða stjórn á eigin starfsferli (Vondracek og Skorikov, 1997). Í öllu falli virðast þau uppteknari af því að tileinka sér hefðbundin staðbundin viðhorf en að taka stjórn á eigin starfsferli út frá áður tilgreindum framtíðarmarkmiðum.

Starfstengd sjálfssaga sýnir þó að það þroskaferli stendur yfir í lífi þátttakenda. Í henni á sér stað sálfélagsleg samþætting (McAdams, 2015; McAdams og Pals, 2006) sem er, að því er virðist, mjög byggð á gildum og hefðum fjölskyldu og nærsamfélags. Fram kemur að viðmælendur telja sig til að mynda hafa öðlast hæfni (t.d. samskiptahæfni) og tamið sér viðhorf (t.d. stundvísi) sem eru talin mikilvæg á íslenskum vinnumarkaði (Brynja Dröfn Þórarinsdóttir, 2017). Einnig vekur það athygli að í þessari rannsókn tala ungmennin minna um mikilvægi starfsreynslu sinnar við mótun framtíðarstarfsferils en þeir vinnandi framhaldsskólánemar sem rætt var við í rannsókn Brynju Drafnar Þórarinsdóttur.

Gert var ráð fyrir að sjálfssagan endurspeglaði samtíma og nærsamfélag (McAdams og Pals, 2006; McLean, 2008). Víða má merkja það í frásögnum viðmælenda en á því reyndust áhugaverðar undantekningar. Hæst ber hversu lítið vægi Hrunið 2008 og afleiðingar þess fá í frásögnum þátttakenda, en þau voru þá 18 ára. Ótrygg staða á vinnumarkaði kom reyndar ítrekað við sögu en oft var óljóst hvort átt var við íslensku krepuna eða hinn flókna, ógnvænlega heim. Miklar efasemdir komu fram um að þekkt atvinnuleysi sem fjallað var um í nær hverjum fréttatíma hefði verið raunverulegt. Þess í stað voru sagðar sögur af fyrirliðlegum letingjum annars vegar og heiðvirðum dugnaðarforkum hins vegar. Ekki hafði verið gert ráð fyrir slíkri afneitun, heldur frekar að fram kæmu afgerandi áhyggjur af stöðunni. Aftur kemur hér fram greinileg tilhneiging til að gera lítið úr eða jafnvel afneita hvers kyns ógn eða þrengingum með mildandi samþættingu (McAdams, 2008, 2015).

Hér glittir í landlæg vinnuviðhorf Íslendinga; að hér á landi sé nógá vinnu að hafa ef fólk vill og sömuleiðis að vinnan göfgi (Stefán Ólafsson, 1996). Þekkt er að atvinnuþátttaka ungmenna meðfram námi hefur verið meiri hérlendis en í nágrannalöndunum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014) og að meginástæður eru þörfin fyrir fjárhagslegt sjálfstæði og framfærslu (Margrét Einarsdóttir, 2014). Miklir atvinnuöguleikar og sveigjanlegt og tiltölulega opið skólakerfi virðast veita ungmönnum tækifæri til að reyna sig á vinnumarkaði og gera brotthvarfsnemunum kleift að snúa aftur til náms þegar framtíðarsýnin er orðin skýrari (Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir, 2013). Slíkt kerfi styður mögulega ungt fólk sem þarf tíma til mótunar sjálfsmýndar og til að greiða úr ósamstæðum hugmyndum þegar það stendur frammi fyrir vali (Arnett, 2002).

Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa vísbendingar um að afar mikilvægt sé að veita ungmönnum tækifæri til að segja sögu sína. Í persónulegum frásögnum þroska þau hugmyndir sínar um sig sjálf og umhverfi sitt og átta sig á því smátt og smátt hvaða slóð þau vilja feta í lífinu (McAdams, 2015). Mótsagnakenndar hugmyndir um sjálf og vinnu- markað undirstrika gagnsemi frásagnarnálgunar í náms- og starfsfræðslu og ráðgjöf fyrir ungmenni sem fást við flókin verkefni á borð við náms- og starfsval í hnattvæddum heimi. Vissulega felast ákveðnir annmarkar í því hve fáir þátttakendur þessarar rannsóknar eru, en gögnin geta talist ríkuleg þar sem viðtölin eru löng og formið hálfopið (Berg, 2009; Crezwell, 2007).

Það er einnig áhugavert, í ljósi þess að ungmennin afneita atvinnuleysi og þrengingum, að eins konar forlagatrú (e. fatalistic beliefs) (Terry Gunnell, 2009) er rótgróin í íslenskri menningu. Hún er talin hafa þróast vegna óstöðugleika ýmissa ytri aðstæðna (t.d. hagsveiflna, veðurfars og náttúruhamfara). Þetta sérkenni er meðal annars talið skýra af hverju Íslendingar gera sjaldan langtímaáætlanir heldur láta skeika að sköpuðu. Viðkvæðið er þetta reddast, eins og ítrekað kemur fram í starfstengdri sjálfssögu ungmennanna sem rætt var við hér. Hvort þjóðleg forlagatrú er hér að verki skal ósagt látið en tilhneigingin er til staðar.

Almennt má segja að upplifun ungmennanna sem rætt var við í þessari rannsókn bendi til þess að ýmsir misvísandi þættir hnattrænnar og staðbundinnar menningar hafi verið þeim áskorun við mótun starfstengdar sjálfsmýndar. Sjálfssaga þeirra gerir þó ráð fyrir að allt muni fara vel. Það er sú saga sem þau hafa þörf fyrir að segja og heyra í aðstæðum

sínum. Hvorki hagsveiflur né síbreytilegt heimsástand mun verða þeim að falli. Þetta reddast! Ungmennin hafna síður en svo hinu hefðbundna og staðbundna, líkt og haldið hefur verið fram (Arnett, 2002; Jensen o.fl., 2011), heldur treysta þau þvert á móti á hið viðtekna sem vörn í vanda.

## HEIMILDIR

- Abrams, M. D., Anna Ó. Ómarsdóttir, María D. Björnsdóttir, Sif Einarsdóttir, Martin, C., Carr, A., ... Rector C. (2013). Measurement invariance of the career indecision profile United States and Iceland. *Journal of Career Assessment*, 21(3), 469–482. <https://doi.org/10.1177/1069072712475181>
- Arnett, J. J. (2000). Emerging adulthood: A theory of development from the late teens through the twenties. *American Psychologist*, 55(5), 469–480. <https://doi.org/10.1037//0003-066x.55.5.469>
- Arnett, J. J. (2002). The psychology of globalization. *American Psychologist*, 57(10), 774–783. <https://doi.org/10.1037/0003-066x.57.10.774>
- Ásrún Jóhannsdóttir. (2018). English exposure and vocabulary proficiency at the onset of English instruction. Í Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjórar), *Language development across the life span: The impact of English on education and work in Iceland* (bls. 57–78). Cham: Springer.
- Berg, B. L. (2009). *Qualitative research methods for the social sciences* (7. útgáfa). New York: Allyn & Bacon.
- Brynja Dröfn Þórarinsdóttir. (2017). „Nú veit ég svona nokkurn veginn hvað ég vil gera“: Vinna með námi og starfsferilsþróun framhaldsskólanemenda (óútgefin meistaritgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/26613>
- Charmaz, K. (2006). *Constructing grounded theory: A practical guide through qualitative analysis*. London: SAGE.
- Creswell, J. W. (2007). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches*. Thousand Oaks: SAGE.
- Erikson, E. H. (1968). *Identity, youth and crisis*. London: Faber and Faber.
- Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir. (2013). Brotthvarf og endurkoma full-orðinna í nám á framhaldsskólastigi. *Tímarit um menntarannsóknir*, 10(1), 44–64.
- Giddens, A. (1991). *Modernity and self-identity: Self and society in the late modern age*. Stanford: Stanford University Press.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Torfi H. Tulinius. (2009). Tales of two subjects: Narratives of career counseling. *Journal of Vocational Behavior*, 75(3), 267–274. <https://doi.org/10.1016/j.jvb.2009.06.008>
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Torfi H. Tulinius. (2016). The career construction interview and literary analysis. *Journal of Vocational Behavior*, 97(December), 40–50. <https://doi.org/10.1016/j.jvb.2016.07.011>
- Guichard, J., Pouyau J., Calan, C. de og Dumora, B. (2012). Identity construction and career development interventions with emerging adults. *Journal of Vocational Behavior*, 81(1), 52–58. <https://doi.org/10.1016/j.jvb.2012.04.004>

- Hagstofa Íslands. (2009). *Vinnumarkaður á 1. ársfjórðungi 2009*. Sótt af <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/vinnumarkadur/vinnumarkadur-a-1-arsfjorungi-2009/>
- Hammack, P. L. (2008). Narrative and the cultural psychology of identity. *Personality and Social Psychology Review*, 12(3), 222–247. <https://doi.org/10.1177/1088868308316892>
- Hannerz, U. (1996). *Transnational connections: Culture, people, places*. London: Routledge.
- Hartung, P. J. (2013). Career as story: Making the narrative turn. Í W. B. Walsh, M. L. Savickas og P. J. Hartung (ritstjórar), *Handbook of vocational psychology: Theory, research and practice* (4. útgáfa, bls. 33–52). New York: Routledge.
- Hrafnhildur V. Kjartansdóttir, Kristjana Stella Blöndal og Sif Einarsdóttir (2011). „Bara ef maður hefði sett meiri kraft í þetta“: Aðdragandi og afleiðingar síðbúins brotthvarfs úr háskólanámi. *Uppeldi og menntun*. 20(2), 33–51.
- Jensen, L. A., Arnett, J. J. og McKenzie, J. (2011). Globalization and cultural identity. Í S. J. Schwartz, K. Luyckx og V. L. Vignoles (ritstjórar), *Handbook of identity theory and research* (1. bindi, bls. 285–301). New York: Springer.
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn: Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Katrín Ósk Eyjólfsdóttir. (2012). *Tengsl persónuleika og starfsáhuga við framtíðarmarkmið á unglingsárum* (óútgefin meistaritgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/10950>
- Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir. (2013). Óákveðni nemenda við námsval í framhaldsskóla og skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla. Netla – *Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérrið 2013 – Rannsóknir og skólastarf*. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir\\_og\\_skolastarf/005.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/005.pdf)
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Tannhäuser, A. C. (2011). Dropout in a small society: Is the Icelandic case somehow different? Í S. Lamb, E. Markussen, R. Teese, N. Sandberg og J. Polesel (ritstjórar), *School dropout and completion: International comparative studies in theory and policy* (bls. 233–251). Dordrecht: Springer.
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2012). Student disengagement in relation to expected and unexpected educational pathways. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 56(1), 85–100. <https://doi.org/10.1080/00313831.2011.568607>
- Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009). *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing* (2. útgáfa). Los Angeles: SAGE.
- Law, B., Meijers, F. og Wijers, G. (2002). New perspectives on career and identity in the contemporary world. *British Journal of Guidance & Counselling*, 30(4), 431–449. <https://doi.org/10.1080/0306988021000025637>
- Lengelle, R., Meijers, F., Poell, R. og Post, M. (2013). The effects of creative, expressive, and reflective writing on career learning: An explorative study. *Journal of Vocational Behavior*, 83(3), 419–427. <https://doi.org/10.1016/j.jvb.2013.06.014>
- Margrét Einarsdóttir. (2014). *Paid work of children and teenagers in Iceland: Participation and protection* (doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- McAdams, D. P. (1993). *Stories we live by: Personal myths and the making of self*. New York: Guilford Press.



- McAdams, D. P. (2006). The role of narrative in personality psychology today. *Narrative Inquiry*, 16(1), 11–18. <https://doi.org/10.1075/ni.16.1.04mca>
- McAdams, D. P. (2008). Personal narratives and the life story. Í O. P. John, R. W. Robins og L. A. Pervin (ritstjórar), *Handbook of personality: Theory and research* (3. útgáfa, bls. 242–262). New York: Guilford Press.
- McAdams, D. P. (2015). *The art and science of personality development*. New York: The Guilford Press.
- McAdams, D. P. og Adler, J. M. (2006). How does personality develop? Í D. K. Mroczek og T. D. Little (ritstjórar), *Handbook of personality development* (bls. 469–492). Mahwah: Lawrence Erlbaum.
- McAdams, D. P. og Cox, K. S. (2010). Self and identity across the life span. Í R. M. Lerner, M. E. Lamb og A. M. Freund (ritstjórar), *The handbook of life-span development* (2. bindi, bls. 158–207). Hoboken: Wiley.
- McAdams, D. P. og Olson, B. D. (2010). Personality development: Continuity and change over the life course. *Annual Review of Psychology*, 61(1), 517–542. <https://doi.org/10.1146/annurev.psych.093008.100507>
- McAdams, D. P. og Pals, J. L. (2006). A new big five: Fundamental principles for an integrative science of personality. *American Psychologist*, 61(3), 204–217. <https://doi.org/10.1037/0003-066x.61.3.204>
- McLean, K. C. (2008). The emergence of narrative identity. *Social and Personality Psychology Compass*, 2(4), 1685–1782. <https://doi.org/10.1111/j.1751-9004.2008.00124.x>
- McLean, K. C. og Pratt, M. W. (2006). Life's little (and big) lessons: Identity statuses and meaning-making in the turning point narratives of emerging adults. *Developmental Psychology*, 42(4), 714–722. <https://doi.org/10.1037/0012-1649.42.4.714>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Samantekt úr Education at a glance 2014: Skýrsla OECD um menntatölfræði*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/samt\\_mrn\\_oecd\\_eag\\_2014.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/samt_mrn_oecd_eag_2014.pdf)
- OECD. (2004). *Career guidance and public policy: Bridging the gap*. París: Höfundur. Sótt af <http://www.oecd.org/dataoecd/33/45/34050171.pdf>
- Polkinghorne, D. E. (2004). Narrative therapy and postmodernism. Í L. E. Angus og J. McLeod (ritstjórar), *The handbook of narrative and psychotherapy: Practice, theory, and research* (bls. 53-67). Thousand Oaks: SAGE.
- Porfeli, E. J., Lee, B. og Vondracek, F. W. (2013). Identity development and careers in adolescents and emerging adults: Content process and structure. Í W. B. Walsh, M. L. Savickas og P. J. Hartung (ritstjórar), *Handbook of vocational psychology: Theory research and practice* (4. útgáfa, bls. 133–153). New York: Routledge.
- Rannsóknir og greining. (2016). *Ungt fólk 2016: Lýðheilsa ungs fólks í Reykjavík: Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk árið 2016*. Sótt af [http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/reykjavik\\_heild\\_2016\\_.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/reykjavik_heild_2016_.pdf)
- Ríkisendurskoðun. (2007). *Kostnaður, skilvirkni og gæði háskólakennslu: Viðskiptafræði, lögfræði og tölvunarfræði*. Sótt af <https://rikisendurskodun.is/kostnadur-skilvirkni-og-gaedi-haskolakennslu/>



- Roberts, B. W., O'Donnell, M. og Robins, R. W. (2004). Goal and personality trait development in emerging adulthood. *Journal of Personality and Social Psychology*, 87(4), 541–550. <https://doi.org/10.1037/0022-3514.87.4.541>
- Roberts, B. W. og Robins, R. W. (2000). Broad dispositions, broad aspirations: The intersection of personality traits and major life goals. *Personality and Social Psychology Bulletin*, 26(10), 1284–1296. <https://doi.org/10.1177/0146167200262009>
- Rottinghaus, P. J. og Miller, A. D. (2013). Convergence of personality frameworks within vocational psychology. Í W. B. Walsh, M. L. Savickas og P. J. Hartung (ritstjórar), *Handbook of vocational psychology: Theory, research and practice* (4. útgáfa, bls. 105–131). New York: Routledge.
- Savickas, M. L. (2005). The theory and practice of career construction. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ritstjórar), *Career development and counseling: Putting theory and research to work* (bls. 42–70). Hoboken: Wiley.
- Savickas, M. L. (2011a). Career counseling. Washington: American Psychological Association.
- Savickas, M. L. (2011b). The self in vocational psychology: Object, subject and project. Í P. J. Hartung og L. M. Subich (ritstjórar), *Developing self in work and career: Concepts, cases and contexts* (bls. 17–33). Washington: American Psychology Association.
- Savickas, M. L. (2013). *Career construction theory and practice*. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ritstjórar), *Career development and counseling: Putting theory and research to work* (2. útgáfa, bls. 147–186). Hoboken: Wiley.
- Schwartz, B. (2000). Self-determination: The tyranny of freedom. *American Psychologist*, 55(1), 79–88. <https://doi.org/10.1037//0003-066x.55.1.79>
- Schwartz, S. J., Côté, J. E. og Arnett, J. J. (2005). Identity and agency in emerging adulthood: Two developmental routes in the individualization process. *Youth & Society*, 37(2), 201–229. <https://doi.org/10.1177/0044118x05275965>
- Sif Einarsdóttir og Rounds, J. (2013). *Bendill: Rafræn áhugakönnun: Þróun og notkun* (2. útgáfa). Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Smith B. og Sparkes, A. C. (2006). Narrative inquiry in psychology: Exploring the tensions within. *Qualitative Research in Psychology*, 3(3), 169–192. <https://doi.org/10.1191/1478088706qrp068oa>
- Stefán Ólafsson. (1996). *Hugarfar og hagvöxtur: Menning, þjóðfélag og framfarir á Vesturlöndum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Framhaldsskólar*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/framhaldsskolar/>
- Svanhildur Svavarsdóttir. (2010). *Á hverju byggja 10. bekkingar val sitt á framhaldsskólánámi: Skólaheimsóknir og önnur upplýsingaöflun 10. bekkinga um framhaldsskóla og námsbrautir* (óútgefin meistararitgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/4774>
- Terry Gunnell. (2009). Heima á milli: Þjóðtrú og þjóðsagnir á Íslandi í upphafi 21. aldar. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2009* (bls. 899–907). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Vondracek, F. W. og Skorikov, V. B. (1997) Leisure, school, and work activity preferences and their role in vocational identity development. *The Career Development Quarterly*, 45(4), 322–340. <https://doi.org/10.1002/j.2161-0045.1997.tb00537.x>

Greinin barst tímaritinu 1. september 2017 og var samþykkt til birtingar 29. apríl 2018

## UM HÖFUNDANA

Soffía Valdimarsdóttir (soffiav@hi.is) er aðjunkt í náms- og starfsráðgjöf við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk B.A.-prófi í þjóðfræði og M.A.-gráðu í náms- og starfsráðgjöf frá Háskóla Íslands. Fræðilegur áhugi Soffíu er þverfaglegur og snýr helst að því hvernig einstaklingar og hópar finna sér stað og gera sig gildandi á eigin forsendum í samfélögum og aðstæðum.

Sif Einarsdóttir (sif@hi.is) er prófessor við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Hún er með doktorsgráðu í ráðgefandi sálfræði frá University of Illinois, Champaign – Urbana. Sif hefur stundað rannsóknir á starfsáhuga fyrst og fremst, sálfræðilegu mati og einnig á náms- og starfsferli ólíkra samfélagshópa.

Hrafnhildur V. Kjartansdóttir (hvk@hi.is) er náms- og starfsráðgjafi við Háskóla Íslands. Hún lauk B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1994 og M.A.-gráðu í náms- og starfsráðgjöf frá Háskóla Íslands 2010. Fræðilegur áhugi hennar snýr einkum að brotthvarfi úr námi og menntun fullorðinna.

## “I am my own creator”: Vocational identity of emerging adults in a local labor market and the globalized world

### ABSTRACT

Successful identity development (Erikson, 1968) is considered important in the fast changing societies of the globalized world. Finding your “niche” in society through occupational choice is one of the major developmental tasks in emerging adulthood (Arnett, 2000). Vocational identity specifically refers to the cognitive processes that are involved in relating self to work (Vondracek & Skorikov, 1997). In Iceland young people tend to drop out of upper secondary and tertiary education in higher proportions than elsewhere (Kristjana Stella Blöndal et al., 2010). Lack of school engagement (Kristjana Stella Blöndal & Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2012) has been shown to influence dropping out of school. Youth in general are also indecisive in their career choices (Abrams et al., 2013) and do not carefully consider the many educational options (Svanhildur Svavarsdóttir, 2010). Problems surrounding career choice are possibly an indicator of poor vocational identity

development. The purpose of this study is to start exploring the content of vocational identity of emerging adults in Iceland, focusing on the possible conflict between globalization and local culture (Hannerz, 1996; Jensen et al., 2011; McAdams & Cox, 2010).

Vocational identity is an important construct in career development theories but its content still needs considerable research (Porfeli et al., 2013). A first step in understanding how Icelandic youth develop identities is using a narrative approach to allow full expression of their thoughts and ideas concerning issues and problems in relation to education and the labor market (McAdams & Pals, 2006). Narrative approaches have been increasingly applied in career development (Hartung, 2013) and are based on multiple theoretical views and strategies. We decided to apply McAdams' (1993, 2015) life story approach designed to explore narrative identity to decode the content of vocational identity.

Four 22 year old women and two men were interviewed. The semi-standardized interview included McAdams' life story approach (1993). The participants were asked to give an account of events they saw as high points, low points and turning points in their lives. They were asked to consider whether any of those events might have influenced their career choice. Participants were selected from a random sample of high school students in a longitudinal study of interests, personality and life goals (Katrín Ósk Eyjólfsdóttir, 2012) for maximum variation (Creswell, 2007). Four of the participants are still in upper secondary school (gymnasium) and two attend university. All have part-time jobs alongside their studies, the majority are partnered and four have started independent living away from their families. The interviews were analyzed based on grounded theory approach using constant comparison (Charmaz, 2006).

The results center around two main themes. The first theme captures the influence of globalization on their *worldview* in relation to their careers. A *changed world* was the first of four subthemes that emerged. Technology and transportation has transformed and brought the world closer but made it more *complex*. Horizons have been widened and it is hard to localize oneself in the world. More education is needed than before but it is difficult to make choices from the variety of educational options because the world changes fast. This results in simultaneously feeling overwhelmed or *intimidated* by the big ever-changing world and having at your fingertips a world *full of opportunities*.

The second theme reflects the influence of local culture and society apparent in their common *career stories*. A *good worker* is a clear subtheme; they consider themselves and their family members hard workers with important qualities for the job market such as diligence, conscientiousness, initiative, and communication skills. They also express somewhat contradictory ideas about the *crazy labor market*. They feel it is enough to possess all those good qualities to get a job, and they doubt the existence of unemployment. Nevertheless, it is hard to get work and you need good luck, family or friendship relations to be able to land a good job. Notably education was not mentioned in this context. Finally the young people possess relentless optimism and a firm belief that their career will *work itself out* (ice: reddast) as long as they possess those good qualities along with honesty and persistence.

The narratives clearly show inconsistency and conflicting views between self and society – the local and global – leading to difficulty in defining future goals and forming a coherent vocational identity. Contrary to expectations (Jensen et al., 2011) their career related narratives are firmly grounded in local ideas of diligence handed down in their families and belief in kinship for success in the labor market instead of education. Both global and local changes make it hard for them to plan and decide on educational pathways. This conflict is however resolved in the “heroic” narrative of the self (McAdams, 2015), based on the enduring cultural fatalistic belief (Terry Gunnell, 2009) that it will all somehow turn out well for them in the end.

Keywords: Icelandic emerging adults, vocational identity, narrative identity, global world-view, fatalistic belief

## ABOUT THE AUTHORS

Soffia Valdimarsdottir (soffiav@hi.is) is an adjunct instructor in career counselling and guidance at the University of Iceland, School of Social Sciences. She completed a B.A. degree in folklore and an M.A. degree in career counselling and guidance from the University of Iceland. Her research interest is inter-disciplinary, mainly concerning how people find their place in life and make their lives matter in society and circumstances.

Sif Einarsdottir (sif@hi.is) is a professor in the School of Social Sciences at the University of Iceland. She is a graduate from the Counseling Psychology program at the University of Illinois, Champaign – Urbana. Her research has mainly focused on vocational interests, assessment and the career development of different social groups.

Hrafnhildur V. Kjartansdottir (hvk@hi.is) is a career and guidance counsellor at the University of Iceland. She completed her B.Ed. degree in elementary education from the Iceland University of Education in 1994 and an M.A. degree in career counselling and guidance from the University of Iceland in 2010. Her research interest is mainly in adult education and dropout from higher education.